

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Norðurþingi.

Fiskeldisstöðin Rifós á Röndinni, Kópaskeri.

Byggðarráð Norðurþings, í sumarleyfisumboði sveitarstjórnar, samþykkti á fundi sínum 15. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Rifós á Röndinni, Kópaskeri. Breytingin felur í sér nýja vegtengingu inn á eldissvæðið sem tengist Þjóðvegi gegnt Kotatjörn. Skipulagssvæðið stækkar til austurs þannig að það nái yfir fyrirhugaðan nýjan aðkomuveg, en meðfram Sléttuvegi eru mörk deiliskipulagsins við 30 m veghelgunarsvæði vegarins. Skipulagssvæðið stækkar úr 10,3 ha í 11,5 ha.

Með breytingunni minnkar umferð í gegnum Kópasker um núverandi veg að fiskeldisstöðinni og léttir umferðarálagi af Röndinni.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Húsavík, 6. september 2024.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.